



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Alþingi
Erindi nr. P 131/1446
komudagur 20.4.2005

Reykjavík 14. apríl 2005

Tilvísun: 2005030247

091.1

Alþingi
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK

Umsöng um tillögu til þingsályktunar.

Vísað er til bréfs frá allsherjarnefnd Alþingis frá 30. mars sl. þar sem óskað var umsagnar um tillögu til þingsályktunar um úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum, 226 mál. Tillagan, sem nú er flutt í fimmta sinn, fékk jákvæða umsögn Almannafræðisins 17. apríl 2001. Ríkislögreglustjórinn tekur undir þau sjónarmið, sem þar koma fram.

Það er nauðsynlegt að átta sig á næmi (vulnerability) samfélagsins fyrir jarðskjálftum af mismunandi stærðum og gera sér grein fyrir hvaða landsvæði eru næmari fyrir jarðskjálftum en önnur og bregðast við í samræmi við það. Þær upplýsingar, sem fást með úttekt eins og hér er lagt til að verði gerð má nýta til að auka meðvitund íbúa á jarðskjálftasvæðum og gera þá betur undirbúna til að takast á við jarðskjálfta á heimilum sínum með fyrirbyggjandi aðgerðum enda getur ábyrgð á forvörnum innan heimilanna ekki legið annars staðar en hjá húsráðendum.

Ríkislögreglustjórinn bendir á óheppilegt orðalag í greinargerðinni með þingsályktunartillögunni þar sem segir á bls. 9: "Sagan og staðfestar mælingar sýna að jarðskjálftar geta orðið enn stærri en þeir sem þá urðu og verulegar líkur eru taldar á því að þessari skjálftahrinu á Suðurlandi sé ekki lokið. Búast má við stórum skjálfta í Flóa eða Ölfusi innan skamms tíma og þá við eða nálægt stórum þéttbýlissvæðum." Að sögn vísindamanna, sem starfsmenn almannavarnadeildar ríkislögreglustjórans hafa rætt við, eru forsendur þessara fullyrðinga enn í fullu gildi en það gætu liðið mörg ár, jafnvel áratugir þar til næsti skjálfti eða skjálftahrina yrði. Það væri því heppilegra að segja að "Stór skjálfti í Flóa eða Ölfusi ættu ekki að koma á óvart" eða "Búast má við stórum skjálfta í Flóa eða Ölfusi á næstu árum."

Þórir Oddsson

Jón F. Bjartmarz



Byggðastofnun

Próunarsvið

Alþingi
Erindi nr. P 131/1339
komudagur 15.4.2005

Dagsetning 14. apríl 2005

Allsherjarnefnd Alþingis
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Allsherjarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um tillögu til þingsályktunar um úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum, 226. mál.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif frumvarpsins á þá þætti. Ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Byggðastofnun hefur áður veitt umsögn um málið og vísast til hennar. Þar segir m.a. eftirfarandi:

”Byggðastofnun tekur undir nauðsyn á umræddu mati. Öryggismál eru mjög mikilvægur þáttur fyrir búsetu fólks. Hér má nefna atvinnuöryggi, efnahagslegt, félagslegt og líkamlegt öryggi, en allir þessir þættir tengjast mjög umhverfinu, einkum vörnum gegn náttúruhamförum og stórslysum.

Æskilegt væri því að umrætt mat yrði hluti af víðtækara hættumati, sem einnig tæki til hættu af völdum flóða, snjóflóða og eldgosa. Vísir að slíku mati hefur farið fram við Verkfræðideild Háskóla Íslands undir leiðsögn dr. Trausta Valssonar og væri æskilegt að nýta þá vitneskju sem þar hefur komið fram. Byggðastofnun er einnig reiðubúin að veita aðstoð við gagnaöflun og mat.”

Virðingarfyllst

Guðmundur Guðmundsson
Sérfræðingur á próunarsviði
Byggðastofnunar

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/1310
komudagur 14.4.2005



FRV
Félag
ráðgjafar-
verkfræðinga

Allsherjarnefnd Alþingis
Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. apríl 2005

EFNI: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum, 226. mál.

Með bréfi allsherjarnefndar Alþingis, dags. 30. mars sl., var Félagi ráðgjafarverkfræðinga (FRV) sent til umsagnar tillaga til þingsályktunar um úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum, 226. mál.

Stjórn FRV sendi allsherjarnefnd Alþingis athugasemdir við sömu þingsályktunartillögu með bréfi dags. 11. febrúar 2002 sbr. meðfylgjandi ljósrít. Í tilvísuðu bréfi félagsins til nefndarinnar var mælt gegn því að þingsályktunartillagan væri samþykkt og tilgreindar veigamiklar röksemdir því til stuðnings.

Með vísan til athugasemda við umrædda þingsályktunartillögu, í áðurnefndu bréfi dags. 11. febrúar 2002, mælir stjórn FRV enn gegn því að tillagan verði samþykkt.

FRV vill um leið ítreka fyrra boð til hins háa Alþingis og flutningsmanna þingsályktunartillögunnar um að félagið komi að mótun hnitmiðaðri tillögu er tæki tillit til athugasemda þeirra sem er að finna í margtilvísuðu bréfi félagsins frá árinu 2002.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar FRV

Magnús Baldursson frkvstj.

Hjálagt:
Bréf til allsherjarnefndar, dags. 11.02.2002.

Allsherjarnefnd Alþingis
Nefndasvið skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Athugasemdir

Félags ráðgjafarverkfræðinga (FRV) við tillögu til þingsályktunar um úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum (127. löggjafarþing 2001 – 2002, þskj. 25 – 25. mál).

Flm: Margét Frímannsdóttir, Lúðvík Bergvinsson, Sigríður Jóhannesdóttir,
Ólafur Örn Haraldsson, Drífa Hjartardóttir, Ísólfur Gylfi Pálmason,
Magnús Stefánsson og Kjartan Ólafsson.

Á 127. þingi var lögð fram í annað sinn þingsályktunartillaga sú sem hér er til umfjöllunar. Tillagan gerir ráð fyrir því að “gerð verði heildar úttekt á mannvirkjum á öllum þekktum jarðskjálftasvæðum á landinu”. Tillagan gerir jafnframt ráð fyrir að í framhaldi af slíkri úttekt “verði einnig tekin ákvörðun um hvernig staðið verði að því að kaupa eða bæta þær eignir sem teljast varhugaverðar með tilliti til tjóns af völdum jarðskjálfta”.

FRV hefur fjallað um ofangreinda þingsályktunartillögu og vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við Allsherjarnefnd Alþingis af því tilefni.

Í fyrsta lagi virðist tillagan gera ráð fyrir því að hægt sé að leggja öruggt og endanlegt, jafnvel óskeikult, mat á hæfni mannvirkja til þess að standast jarðskjálfta með því einu að skoða þau. Að mati FRV má fullyrða að þetta sé ekki framkvæmanlegt nema í einstökum tilfellum, þar sem um er að ræða áberandi veikleika í burðarkerfi mannvirkjanna. Oftast væri einungis hægt að dæma mannvirkin jarðskjálftahæf með misgóðum líkum, en hætt er við að í mörgum tilfellum væri niðurstaðan röng. Í langflestum tilfellum þyrfti að fara fram ítarleg og kostnaðarsöm greining á hverju einstöku mannvirki til þess að fá marktækar niðurstöður.

Í öðru lagi gerir tillagan ráð fyrir að ríkissjóður standi straum af kostnaði við að kaupa eða bæta þær eignir sem dæmdar eru lélegar í þessu tilliti. Ljóst er að kostnaður ríkissjóðs vegna þess yrði gríðarlegur auk þess sem hætta væri á því að í mörgum tilfellum væru mannvirki keypt eða það bætt án nægjanlegs tilefnis. Þrátt fyrir endurbætur á fasteignum má sjá fyrir sér að þær verði samt sem áður illseljanlegar vegna nk. “áhættustimpils”. Gæti ríkissjóður þannig þurft að bæta eigendum þeirra slík afleidd “tjón” matsins. Einnig má gera ráð fyrir fjölda kröfugerða gegn ríkinu í kjölfar samanburðar eigenda nálæggra fasteigna vegna mismunandi matsniðurstaðna.

Í þriðja lagi geta þau mannvirki, sem dæmd verða örugg og ólíkleg til að skemmast af völdum jarðskjálfta, samt sem áður skemmst verulega við slíka atburði. Hvar liggur þá ábyrgð ríkissjóðs og hugsanleg skaðabótaskylda? Einnig kæmi til skoðunar skaðabótaábyrgð þess aðila sem framkvæmir matið.

Í fjórða lagi er tillagan of viðtæk og markmið hennar óljós að mati FRV. Nauðsynlegt er að skýr en einföld markmið verði sett í slíkri vinnu. Ef eitt helsta markmiðið er að bjarga mannslífum þá ætti nánast eingöngu að meta hús, sem eru 3 hæðir eða hærrí, skóla, sjúkrahús, skrifstofur og aðra kjarnastaði samfélagsins, auk samgöngumannvirki (t.d. brýr). Ef eitt af markmiðum tillögunnar er að styrkja byggingar til að gera þær hæfari til að standast jarðskjálftaáraun þá þarf það markmið að vera mun hnitmiðaðra en tillagan gerir ráð fyrir. Eingöngu ætti að styrkja byggingar sem eru metnar uppfylla einungis t.d. 33% af gildandi kröfum og þá einungis til að ná t.d. 67% gildandi krafna. Má leiða að því líkum að hér sé aftur eingöngu um að ræða byggingar upp á 3 hæðir eða fleiri.

Í fimmta lagi er það skoðun FRV að fráleitt sé að fela Rannsóknarmiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði á Selfossi verkefni af þessu tagi. Ljóst má vera að úttekt á mannvirkjum er hvorki fræðilegs eðlis né liður í rannsóknum á mannvirkum almennt. Úttektin er sértæk og beinist að meginstefnu að einkahagsmunum eigenda fasteignanna í flestum tilfellum sbr. fyrirheit um uppkaupt eign og bætur. Með því að fela rannsóknarstofnun Háskóla Íslands umrætt mat á eignunum væri verið að veita opinberri stofnun, eða í það minnsta starfsmönnum slíkrar stofnunar, einkarétt á verulega stóru verkefni sem annars ætti heima á hinum fjálssa markaði. Framhjá því verður ekki litið að starfsmenn Háskóla Íslands hafa um áráð unnið að því að skapa sér verkefni með því að bjóða þjónustu sína á hinum fjálssa markaði. Má þar nefna t.d. Félagsvísindastofnun H.Í. er selur skoðanakannanir, Lagadeild H.Í. er lætur í té lögfræðiálit gegn greiðslu og Verkfræðistofnun H.Í. sem býður þjónustu sína á ýmsum sviðum. FRV hefur ítrekað gert athugasemdir við menntamálaráðuneytið varðandi framangreinda starfsemi sem fram fer undir merkjum Háskóla Íslands. Þingsályktunartillaga sú sem hér er til umfjöllunar virðist vera því marki brennd að tryggja eigi undirstofnun háskólans verkefni gegn greiðslu án könnunar á því hvort aðrir aðilar geti sinnt því jafn vel eða betur. Að tilgreina eina af undirstofnunum Háskóla Íslands í tillögunni með þeim hætti sem hér er gert gerir hana ótrúverðuga að mati FRV.

Rétt er að það komi fram að um langa hrið hefur reynst mjög erfitt fyrir verkfræðiráðgjafa að vinna með forsvarsmönnum umræddrar stofnunar Háskóla Íslands, nú síðast við gerð þjóðarskjala vegna nýrra álagsstaðla. Er því hætt við að þær upplýsingar og sú þekking sem kann að afloat við slíka úttekt sem hér er um ræðir muni ekki eiga greiðan aðgang til mannvirkjahönnuða eða skila sér í formi endurbættra byggingastaðla. Einnig verður að telja það mun vænlegra til árangurs að fela slíka úttekt mannvirkjahönnuðum með áratuga reynslu í sínu fagi, en þeir hafa margir hverjir jafnframt áralanga reynslu af slíkum úttektum, t.d. fyrir Viðlagasjóð eftir jarðskjálftana sumarið 2000.

Stjórn FRV mælir því gegn því að ofangreind þingsályktunartillaga verði samþykkt.

Að mati félagsins kæmi til greina að leggja fram aðra hnitmiðaðri tillögu fyrir þingið þar sem tekið væri tillit til ofangreindra athugasemda. Lýsir stjórn FRV því hér með yfir að félagið sé reiðubúið að vinna með Allsherjarnefnd þingsins ellegar flutningsmönnum þingsályktunartillögunnar að mótun síkrar tillögu.

Komi til þess að umrædd þingsályktunartillaga fái efnislega meðferð Allsherjarnefndar og síðan Alþingis vill félagið koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við nokkar staðhæfingar og röksemdir sem fram koma í greinargerð með tillögunni.

1. Að mati FRV er of sterkt tekið til orða þegar fullyrt er að einstakt lán hafi verið að ekki urðu umtalsverð slys á fólki. Þó vissulega sé það gleðiefni að ekki urðu slys á fólki, hvað þá umtalsverð, þá er órökstutt með öllu að þar hafi verið um einstakt lán að ræða.
2. FRV áréttar að ekki er tilefni til þess að vinna að heildarúttekt á mannvirkjum á jarðskjálftasvæðum. Nægjanlegt væri að taka til skoðunar íbúðarhús, skóla, skrifstofur og fleiri byggingar þar sem fólk dvelur að staðaldri.
3. Án rökstuðnings er því haldið fram að endurskoða þurfi lög um Viðlagatryggingu Íslands. Að mati FRV hafa þau og önnur lög um tryggingar reynst vel. Brunabótamat í landinu er þó réttilega gagnrýnt enda hafa nokkrar umræður í þjóðfélaginu verið um forsendur og viðmið brunabótamats. Ekki er betur vitað en að vel hafi tekist til við að bæta fjárhagslegt tjón jafnvel þó svo Viðlagatryggingin hafi ekki átt við. Fróðlegt væri að fá fram dæmi um annað.
4. Samkvæmt greinargerð tillöguflýtyjenda liggur mikil þekking um jarðskjálftana sumarið 2000 hjá margnefndri undirstofnun Háskóla Íslands, matsmönnum Rauða krossins, björgungarsveitarmönnum, sveitarfélögum og fleirum. Framsetning tillöguhöfunda vekur nokkra furðu. Fyrir það fyrsta liggur líklega mesta þekkingin hjá matsmönnum Viðlagatryggingar og hvað varðar jarðeðlisfræðilega þáttinn, hjá Veðurstofu Íslands. Þessir aðilar eru þó ekki nefndir til í umræddri greinargerð. Í annan stað er á huldu hverjir matsmenn Rauða krossins eru og eins er ójóst hvaða þekking, er nýtist við mat á byggingum, liggi hjá björgunarsveitunum sem slíkum. Framsetning af þessu tagi ber þess merki að verið sé að ganga erinda ákveðinna aðila við verkefnaöflun.
5. Í greinargerðinni er talað um að “grípa þurfi til ráðstafana til að lágmarka það tjón sem verða kann”. Óljóst er með öllu hvað átt er við.
6. Réttilega er tekið fram í greinargerðinni að það þurfi að afskrifa eða styrkja húsnæði á þekktum jarðskjálftasvæðum. Það hlýtur að vera pólitísk spurning hvort ríkið eigi að bera kostnað vegna þess í stað eigenda. Eyðileggingarmáttur eldgosa og veðurs, þ.m.t. flóða, hlyti að kalla á samskonar ábyrgð ríkisins á nauðsynlegum endurbótum eða afskriftum ef sú leið væri farin sem tillagan gerir ráð fyrir.
7. Hvað varðar reglur er varða hönnun bygginga þá er nú verið að leggja loka-hönd á gerð sérákvæða við nýju dönsku staðlana og gerð þjóðarskjala fyrir Evrópustaðlana, sem Íslendingar hafa skuldbundið sig til að taka í notkun. Inn í þá vinnu fléttast gerð mats á jarðskjálftaáhættu á Íslandi, sem tekur fullt tillit til þeirra jarðskjálftaáhrifa er áttu sér stað sumarið 2000.
8. Neðangreind setning úr greinargerð með tillögunni rýrir trúverðugleika hennar vegna augljósrar sérhagsmunagæslu sem þar kemur fram:

Af framansögðu má ljóst vera að verkefnið sem tillaga þessi felur í sér er viðamikil og tímafrekt. Það krefst einnig sérþekkingar á mörgum sviðum, en þó ekki síst á sviði jarðskjálftaverkfræði. Slík sérfræðiþekking er til staðar í Rannsóknarmiðstöð Háskóla Íslands á Selfossi, en starfsmenn miðstöðvarinnar hafa sýnt og sannað hæfni sína við að takast á við verkefni eins og þau sem hér um ræðir og nægir í þeim efnum að benda á þær skýrslur sem frá Rannsóknarmiðstöðinni hafa komið. Markmið

Rannsóknarmiðstöðvarinnar er að sinna rannsóknum, þróunarverkefnum og ráðgjöf á sviði jarðskjálftaverkfræði og skyldra greina. Með því að fela Rannsóknarmiðstöðinni leiðandi hlutverk í þeim verkefnum sem tillagan gerir ráð fyrir mun verða stigið stórt skref til að efla varnir og viðbúnað gegn jarðskjálftum og til að bæta öryggi íbúa landsins.

Að mati FRV mætti nálgast verkefnið út frá því hver sé tilgangur tillögunnar sbr. neðangreint.

- *Að forða mannlífum.*

Það ætti að vera aðal tilgangur verkefnisins og við það skyldi staldrað í fyrsta umgang. Um er að ræða risavaxið verkefni sem rétt er að nálgast í hæfilega stórum skrefum. Þetta markmið ætti að vera það eina í fyrstu lotu.

- *Að forða frá efnislegu tjóni.*


Þessu markmiði má skipta í áfanga þar sem þeir sjálfsögðustu og ábatasömustu þættirnir eru teknir fyrir fyrst.


- *Að stuðla að réttri hönnun og byggingaraðferðum.*

Þessu markmiði má vinna að strax án nokkurra rannsókna með því að skerpa á kröfum um land allt af hálfu opinberra aðila um hönnun og framkvæmdir. Umrætt atriði er eitt það veigamesta hvað varðar efnislegt tjón í jarðskjálftum, það hefur verið sannreynt í störfum verkfræðinga við tjónamat.

Reykjavík, 11. febrúar 2002

f.h. stjórnar FRV


Björn Ingi Sveinsson form.


Magnús Baldursson frkvstj.

Landsvirkjun

Góðir straumar í 40 ár

Nefndasvið Alþingis
B.t. allsherjarnefndar
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 131/1338
komudagur 15. 4. 2005

Tilvísun vor: 98.11

Dags.: 14.04.2005

Efni: Umsögn Landsvirkjunar um tillögu til þingsályktunar um úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum, 226. mál

Með bréfi nefndarinnar frá 30. mars 2005 barst Landsvirkjun til umsagnar tillaga til þingsályktunar um úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum, 226. mál.

Þingsályktunartillaga þessi hefur áður verið flutt á 126., 127., 128. og 130. löggjafarþingi en fékkst ekki afgreidd og er því endurflutt nú. Með tillögunni er nú lögð fram sem fylgiskjal XI, umsögn Landsvirkjunar frá 15. mars 2001 um tillögu til þingsályktunar um úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum (116. mál á 126. löggjafarþingi).

Eftir jarðskjálftana á Suðurlandi á árinu 2000, sem upphaflega urðu tilefni þingsályktunartillögu þessarar, lét Landsvirkjun framkvæma gagnvera úttekt á mannvirkjun sínum, einkum á Suðurlandi, með tilliti til öryggis gagnvart jarðskjálftum. Voru í framhaldi af því gerðar ýmsar ráðstafanir, sem einkum fólust í því að treysta betur festingar á þungum hlutum sem færst gætu úr stað við jarðskjálfta. Einnig var jafnað við jörðu allstórt steinhús við Írafossstöð sem ekki var talið að uppfyllti ítrustu kröfur um styrk þótt það hefði ekki orðið fyrir skemmdum í jarðskjálftunum enda alllangt frá upptökum þeirra. Á þessum tíma stóðu einnig yfir gagngerar endurbætur á orkuverum Landsvirkjunar við Sog, sem nú er lokið, og var sérstaklega hugað að þessum atriðum við þær framkvæmdir.

Ofangreindar ráðstafanir framkvæmdi Landsvirkjun á eigin kostnað enda telur fyrirtækið eðlilegt að eigendur mannvirkja beri sjálfir ábyrgð á að þau séu í einu og öllu í samræmi við kröfur sem gerðar eru um mannvirki í lögum og reglugerðum.

Landsvirkjun telur rétt að ofangreint komi fram en tekur ekki að öðru leyti afstöðu til þingsályktunartillögu þessarar.

Virðingarfyllst



Friðrik Sophusson
forstjóri



Landsvirkjun
er bakhjarl
þjóðminjasafns Íslands

Alþingi
Erindi nr. P 131/1241
komudagur 11.4. 2005



Allsherjarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

TILVIÐNUN YÐAR

BRÉF YÐAR

TILVIÐNUN VOR

DAGSETNING

GBR/vgr

08.04.2005

Varðar: Tillaga til þingsályktunar um úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum, 226. mál.

Rafmagnsveitur ríkisins styðja í meginatriðum fram komna ályktun. Fyrirtækið tekur ekki afstöðu til umfangs slíkrar rannsóknar og úttektar þó það telji eðlilegt að horft sé fyrst og fremst að samkomustöðum og opinberum byggingum eins og skólum, hjúkrunarstofnunum og öðrum byggingum sem hýsa oft eða að jafnaði mikinn fjölda fólks eða tengjast almannavörnum á einn eða annan hátt.

Rafmagnsveiturnar létu rannsaka helstu mannvirki sín á Suðurlandi í byrjun níunda áratugarins með það að markmiði að endurbæta og styrkja varnir gegn tjóni af völdum jarðskjálfta. Auk þess var farið yfir tækjabúnað og húseignir fyrirtækisins á helstu jarðskjálftasvæðum 1998 og megináhersla lögð á veltihættu stærri aflspenna og annarra þyngri háreistari hluta.

Í framhaldi af þessum rannsóknum hafa Rafmagnsveiturnar látið rífa og endurbyggja nokkur mannvirki á þekktum jarðskjálftasvæðum og treysta betur ýmsa þá hluti, sem þóttu ekki fullnægja ríkjandi öryggiskröfum, þ.m.t. kröfur til erlendra framleiðenda á rafbúnaði.

A handwritten signature in black ink, appearing to read "Tryggvi Þór Haraldsson".

Tryggvi Þór Haraldsson
rafmagnsveitustjóri



Alþingi
Erindi nr. Þ 131/1242
komudagur 11.4.2005

Selfossi 7. apríl 2005.

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Erindi: *Úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum, 226mál.*

Í bréfi frá allsherjarnefnd Alþingis dags. 30.mars 2005 er óskað eftir umsögn Rannsóknarmiðstöðvar Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði um úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum.

Í fylgiskjali I með tillögu til þingsályktunar er ítarleg greinagerð eftir Ragnar Sigbjörnsson forstöðumann Rannsóknarmiðstöðvarinnar sem fjallar um mikilvægi rannsókna á sviði jarðskjálftaverkfræði á Íslandi. Auk þess er í fylgiskjali IX umsögn verkfræðistofnunar Háskóla Íslands um tillögu til þingsályktunar eftir Jónas Elísasson stjórnarformann Verkfræðistofnunar Háskóla Íslands.

Við teljum að í þessum fylgiskjöllum komi fram afstaða Rannsóknarmiðstöðvarinnar varðandi þessa tillögu til þingsályktunar.

Virðingarfyllst

Símon Ólafsson



SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA

Association of Icelandic Insurance Companies

S/68

Alþingi
Erindi nr. þ 131/1240
komudagur 11.4.2005

Suðurlandsbraut 6
108 Reykjavík
Sími/Tel.: +354-568 1612
Bréfsími/Fax: +354-568 9664

Alþingi,
alsherjarnefnd,
nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

8. apríl 2005


Efni: Þingsályktunartillaga um úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum, 226. mál.

Með bréfi allsherjarnefndar, dags. 30. mars sl., var óskað umsagnar Sambands íslenskra tryggingafélaga (SÍT) um ofangreint þingmál. Af því tilefni skal eftirfarandi atriðum hreyft:

1. Þingsályktunartillaga þessi mun hafa verið flutt á fjórum löggjafarþingum áður, og er endurflutt nú í fimmta sinn. Ber greinargerðin, sem fylgir tillögunni, þess nokkur merki að um endurflutning er að ræða, því sumt sem þar kemur fram, á ekki alls kostar við nú. Sem dæmi má nefna, að í greinargerðinni segir efnislega, að vinna við mat á tjóni sem varð í jarðskjálftunum 17. og 21. júní 2000 sé nú “vel á veg komin”, og að huga þurfi að lögum og reglum um Viðlagatryggingu Íslands og viðmiðunum, sem lagðar eru til grundvallar uppgjöri tjóna, þ.m.t. brunabótamati eigna. Að sjálfsögðu er uppgjóri þeirra tjóna, sem hér um ræðir, löngu lokið, auk þess sem í þessu sambandi má nefna, að viðskiptaráðuneytið gaf út á árinu 2002 skýrslu nefndar, sem sett var á laggir 2001 til að fara yfir tjóna- og bótahlíð þessa máls.
2. Taka má undir það með flutningsmönnum þingsályktunartillögunnar, að mikilvægt sé að á næstu árum verði unnið skipulega að undirbúningi jarðskjálftavarna og rannókna í því sambandi, og jafnframt að eðlilegt sé að yfirumsjón með slíkri vinnu verði falin Rannsóknarmiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði. Á hinn bóginn hefur verið bent á, sbr. fyrri umsagnir Verkfræðingafélags Íslands og Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins um málið, að úttektin sem hér er gerð tillaga um, sé of viðtæk og þyrfti að skilgreina betur. Sýnist nokkuð til í þeim ábendingum.

Í tillögunni segir, að **strax** að lokinni úttekt á fyrsta svæði sem rannsakað verði, skulu niðurstöður birtar **og ákveðið hvernig staðið verði að því að bæta eða kaupa þær eignir sem teljast varhugaverðar** með tilliti til mögulegs tjóns af völdum jarðskjálfta. Hér er um býsna fortakslaust ákvæði að ræða. Þeirri spurningu er hér varpað fram, hvort slíkt ákvæði sé ekki óþarft, enda geti það jafnvel staðið í vegi fyrir frekari framgangi annars ágætrar tillögu.

Með vinsemd og virðingu,
SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA



Sigmar Ármannsson

Alþingi
Erindi nr. P 131/1337
komudagur 15.4.2005



2005030121
9140


Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. apríl 2005
/--

Efni: Tillaga til þingsályktunar um úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum, 226. mál

Vísað er til erindis allsherjarnefndar dags. 30. mars 2005 þar sem óskað er eftir umsögn Skipulagsstofnunar um tillögu til þingsályktunar um úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum, 226. mál.

Eins og fram kemur í þingskjali sem fylgdi erindinu veitti Skipulagsstofnun umsögn um tillögu til þingsályktunar um úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum, 116. mál á 126. löggjafarþingi með bréfi dags. 27. febrúar 2001. Þar kemur fram að Skipulagsstofnun telur fulla þörf á athugunum á öryggi mannvirkja á jarðskjálftasvæðum og þá sérstaklega m.t.t. þess hvort að þau standist byggingartæknilegar kröfur sem gera verður á slíkum svæðum.


Stefán Thors

Alþingi
Erindi nr. P 131/1359
komudagur 18.4.2005

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Reykjavík 14. apríl. 2005

Umsögn Slysavarnafélagsins Landsbjargar um tillögu til þingsályktunar um úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum 226. mál á 131. löggjafarþingi.

Slysavarnafélagið Landsbjörg hefur borist til umsagnar erindi Allsherjarnefndar Alþingis vegna ofangreindrar tillögu.

Slysavarnafélagið Landsbjörg fagnar tillögunni og telur að framkvæmd úttektar auki öryggi á jarðskjálftasvæðum og auðveldi björgunaraðilum að gera nauðsynlegar áætlanir, til að bregðast við í neyðartilfellum.

Virðingarfyllst,
f.h. Slysavarnafélagsins Landsbjargar



Jón Gunnarsson,
framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. **P** 151/1162
komudagur 5. 4. 2005




Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 04. apríl 2005
Tilvísun: 2005030063/90.12; lagafrumvörp; reglur
HrH/BH
30.03.2003

Efni: Tillaga til þingsályktunar um úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum, 226. mál.

Vegagerðin fylgist stöðugt með ástandi vegamannvirkja, ekki síst brúm á jarðskjálftasvæðum. Ekki er talin þörf á frekari úttektum eða rannsóknum vegna þessa. Að öðru leyti hefur Vegagerðin ekki skoðun á efni tillögunnar.

Virðingarfyllst,


Jón Rögnvaldsson,
vegamálastjóri.

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/1568
komudagur 25.4.2005



Verkfraeðingafélag Íslands
Association of Chartered Engineers in Iceland

Reykjavík 19. apríl 2005

Nefndasviðs Alþingis
B.t. Sigrúnar Brynju Einarsdóttur, nefndarritara
Austurstræti 8-10

150 Reykjavík.

**VARÐAR: UMSÖGN VFÍ UM TILLÖGU TIL ÞINGSÁLYKTUNAR UM ÚTTEKT Á
ÁSTANDI EIGNA Á JARÐSKJÁLFTASVÆÐUM, 226. MÁL.**

VFÍ þakkar fyrir að fá tækifæri til umsagnar um ofan nefnda þingsályktunartillögu og gefur eftirfarandi umsögn.

Stjórn VFÍ hvetur til að tillagan verði samþykkt og fram fari úttekt á ástandi mannvirkja á jarðskjálftasvæðum.

Skynsamlegt er að safna upplýsingum um ástand mannvirkja á helztu jarðskjálftasvæðum landsins og láta meta hvers konar tjón geti orðið á þeim. Þetta gæti leitt til þess, að fara þyrfti í kerfisbundnar aðgerðir til styrkinga á einstökum mikilvægum mannvirkjum.

Enn fremur væri hægt að gera almenningi grein fyrir ástandi eigna sinna og benda á aðgerðir til úrbóta, þar sem það ætti við.

Nokkur reynsla hefur fengist af þess konar úttektum á mannvirkjum, sem hafa leitt til margvíslegra úrbóta.

Stjórn VFÍ tekur hins vegar ekki afstöðu til þess með hvaða hætti slíkt verk skuli unnið.

Virðingarfyllt,

Logi Kristjánsson
framkvæmdastjóri VFÍ